

## Heilsuræktarnefndin 2011 - 2012

Rannveig Traustadóttir  
Dagný Pétursdóttir  
Sigrún Sigríður Óttarsdóttir

Nefndin hittist á stuttum fundum í tengslum við leikfímistímana og voru í tölvupóstsamskiptum eftir þörfum.

Tilgangur heilsuræktarnefndarinnar er eftirfarandi:

- Vera tengiliður milli íþróttakennanara og stjórnar Foreldrafélagsins um mál sem upp koma hverju sinni (t.d. vegna innkaupa á tækjum og búnaði, samskipti við forstöðumann íþróttahússins í Digranesi o.fl.)
- Útbúa texta fyrir kynningu á heilsuræktinni og senda til umsjónarmanns Álfhólsskóla sem sér um heimasíðu skólans og tölvupóstsamskipti. Senda skal kynningu um miðjan ágúst og byrjun janúar ár hvert
- Sjá um auglýsingu í Kópavogspóstinn í ágúst og janúar
- Standa fyrir einni samverustund með þátttakendum og kennurum í heilsuræktinni í maí ár hvert

Helstu verkefni vetrarins 2011 - 2012:

- ✓ Ábyrgð á kvittunum og dreifingu þeirra til þátttakenda í heilsuræktinni.
- ✓ Tölvupóstur til allra foreldra nemandu Álfhólsskóla fyrir upphaf skólans í ágúst. Auglýsing birt í Kópavogspóstinum um mánaðarmótin ágúst/september.
- ✓ Samskipti við formann Foreldrafélagsins vegna kaupa á nýjum hljómf lutningstækjum.
- ✓ Samskipti við formann Foreldrafélagsins vegna hugmynda framkvæmdastjóra HK um leigugjald fyrir salinn, 1.000 kr. fyrir hvern tíma. Formaður Foreldrafélagsins vildi eiga formleg samskipti við framkvæmdastjórann en Foreldrafélagið hefur haft aðgang að litla salnum í 25 – 30 ár án endurgjalds enda er um að ræða starfsemi sem tengist Álfhólsskóla. Framkvæmdastjórinn hefur ekki sent formlegt erindi til Foreldrafélagsins um þetta mál.
- ✓ Tölvupóstur sendur til allra foreldra í byrjun janúar og auglýsing birt í Kópavogspóstinum í fyrsta tölublaði janúar 2012.
- ✓ Samverustund með þátttakendum og kennurum. Samið var við eigendur Café Dix í Hamraborg sem tóku á móti hópnum með góðum veitingum 9. maí 2012.
- ✓ Samskipti við framkvæmdastjóra HK í maí um tímasetningu á byrjum heilsuræktarinnar í haust en stefnt er að því að byrja í vikunni 27. – 31. ágúst 2012.

## Skýrsla röltnefndar 2011-2012

Verkefni röltnefndar er að útbúa í upphafi skólaárs röltdagskrá fyrir veturinn þar sem öllum bekkjardeildum á mið og elsta stigi er raðað á helgarnar frá hausti og til skólaloka. Síðan er bekkjarfulltrúum sendur póstur til að tilkynna þegar þeirra bekkur á að annast röltið.

Rölt dagskrá ásamt reglum röltsins og skýrslueyðublaði um röltið er aðgengileg á heimasíðunni undir Foreldrarölt.

Stjórn foreldrafélagsins tók fyrstu röltvaktina í haust og síðan hefur hver bekkur séð um tvær helgar í röð, reyndar sleppur einn 5. bekkurinn með eina helgi. Skv. röltskýrslum er skráð mæting á 21 helgi af 35 eða 60% mæting. Þetta er nokkuð verri mæting en var í fyrra en þá var mætingin 28 af 35 helgum eða 80% mæting.

Algengast er að 2-4 séu að röltu í hvert sinn en tvívegis hefur einungis einn farið á röltið.

Undirrituð ásamt Karen þáverandi formanni mætti á einn fund með Samkóp, lögreglunni og umsjónarmönnum foreldrarölts í skólunum í Kópavogi. Þar kom fram að mjög misjafnlega gengur að manna röltið. Það voru ekki teknar saman tölur eftir skólum á þessum fundi þannig að við vitum ekki hvar við stöndum nú miðað við aðra skóla.

Sólveig B. Hlökkversdóttir  
formaður röltnefndar